

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 5 94. ár

Miðvikudaginn 17. janúar 2001

Laus störf

Reykjavík.

Lausar eru til umsóknar eftirtalдар stöður lög-reglumanna hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík:

Ein staða varðstjóra á vöktum almenningar deildar. Um er að ræða tímabundna stöðu vegna ársleyfis.

Ein staða varðstjóra (upplýsingafulltrúi í afgreiðslu). Um er að ræða tímabundna stöðu vegna ársleyfis.

Ein staða aðstoðarvarðstjóra í umferðardeild.

Umsóknum skal skilað til starfsmannastjóra, Guðmundar M. Guðmundssonar, fyrir 27. janúar 2001, en hann veitir jafnframt nánari upplýsingar um stöðurnar.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 11. janúar 2001.
Ríkislögreglustjórnin.

(383)

Stefnur

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Leifur Árnason hdl., kt. 121262-6579, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Ingvars Helgasonar hf., kt. 681077-0739, Sævarhöfða 2, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi með veði í XK-890.

Fyrirsvar: Leifur Árnason hdl., Skólavörðustíg 12, Reykjavík, fer með málið f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að neðangreint veðskuldabréf verði ógilt með dómi:

Veðskuldabréfið segir stefnandi vera útgefið í Reykjavík, 13. apríl árið 2000, af Önnu S. Sigurðardóttur, kt. 300946-4539, Espigerði 18, Reykjavík að fjárhæð kr. 547.580, þinglýst á 1. veðrétti bifreiðarinnar XK-890, Toyota árg. 1991, nú eign P. Samúelssonar hf.

Málsástæður og lagarök: Skuldabréfið, sonefnt Visa-raðgreiðslubréf, segir stefnandi vera útgefið í Reykjavík, 13. apríl 2000 af Önnu S. Sigurðardóttur til stefnanda að fjárhæð kr. 547.580. Bréfið er Visa-raðgreiðslubréf nr. 0248583 og átti að greiðast með 36 mánaðarlegum greiðslum í apríl árið 2000 og síðan mánaðarlega. Bréfinu er þinglýst í Reykjavík. Stefnandi kveður Visa-raðgreiðslubréfið að fullu greitt og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Nauðsynlegt er að fá bréfið ógilt með dómi til að stefnandi geti aflýst því af bifreiðinni XK-890.

Stefnandi kveðst um lagarök vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirgreind sönnunargögn: Stefnu þessa, skrá, eintak Lögbirtingablaðs, veðbókarvottorð, afrit veðskuldabréfsins.

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – úrskurður Skipulagsstofnunar

Nesjvallavirkjun áfangi 4B. Stækkun rafstöðvar úr 76 í 90 MW_e.

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á fyrirhugaða stækkun Nesjvallavirkjunar í Grímsnes- og Grafningshreppi, þ.e. áfanga 4b, sem er stækkun rafstöðvar úr 76 í 90 MW_e, eins og henni er lýst í matsskýrslu og framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: <http://www.skipulag.is>.

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 14. febrúar 2001.

Skipulagsstofnun.

(371)

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kann að hafa ofangreint tryggingarbréf í fórum sínum, eða telur til réttar yfir bréfinu, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 20. febrúar 2001 kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins og leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má við því búast að útvistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 8. janúar 2001.
Friðgeir Björnsson.

(377)

Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands, Ólafur Børkur Þorvaldsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Eggert Jóhannesson, kt. 310839-4349, Kirkjuvegi 17, Selfossi, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda á 1/18 hluta fasteignarinnar nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að með dómi verði viðurkenndur eignarréttur stefnanda að 1/18 hluta fasteignarinnar nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi. Gerð er krafa um málskostnað á hendur hverjum þeim sem að réttarfarslögum kynnu að gerast aðilar að máli þessu.

Fyrirsvar: Af hálfu stefnanda mun Ragnheiður Thorlacius hdl., kt. 030854-3739, Birkvöllum 18, Selfossi, fara með mál þetta.

Málavextir: Með erfðafjárskýrslu, dags. þann 27. maí 1974, lauk skiptum á dánarbúi Gísla Sigurðssonar, sem fæddur var þann 24. desember 1896, lést þann 6. júní 1973, og var síðast til heimilis að Kirkjuvegi 17, Selfossi. Þann 23. október 1979 var skiptayfirlýsing, sem dagsett var þann 8. september 1979, móttækin til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Árnassýslu og innfærð í þinglýsingabækur þann 30. október s.á. Í nefndri skiptayfirlýsingu kemur fram að fasteign dánarbús Gísla Sigurðssonar, húsið nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi, komi að 17/18 hlutum í hlut eftirlifandi eiginkonu Gísla heitins, Rannveigar Sigurbjörnsdóttur og eftirtalinna barna Gísla: Ámunda R., Ingigerðar K., Regínu

Hönnu, Björns og Gylfa Þórs. Í nefndri skiptayfirlýsingu kemur einnig fram að 1/18 hluti eignarinnar féll í hlut Huldu Gísladóttur, sem sögð er búsett á Englandi, en hún lést þar í landi þann 16. júlí 1974, og börn hennar eru Marcel Smith, f. 19. desember 1963 og Kenneth Már Smith, f. 28. júní 1967.

Með kaupsamningi, dags. 8. september 1979, keypti stefnandi 17/18 hluta fasteignarinnar nr. 17 við Kirkjuveg af eiginkonu Gísla Sigurðssonar og börnum hans, Ámunda R., Ingigerði K., Regínu Hönnu, Birni og Gylfa Þór. Kaupsamningnum var ekki þinglýst, en hann undirrita, f.h. seljanda, Einar Sigurðsson, Björn Ingi Gíslason og Gylfi Þ. Gíslason og stefnandi f.h. kaupanda. Í kaupsamningi segir orðrétt: „Seljendur lofa að selja kaupanda og kaupandi lofar að kaupa af seljendum, eignarhluta seljenda í húseigninni nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi, ásamt því sem honum fylgir og fylgja ber að engu undanskildu. Hið selda er nánar tiltekið 17/18 hlutar eignarinnar í óskiptri sameign seljenda.“ Síðar segir í nefndum kaupsamningi: „Kaupanda er kunnugt að sá 1/18 hluti hússins sem ekki er seldur með samningi þessum féll í arf til Huldu Gísladóttur samkvæmt erfðafjárskýrslu dags. 27. maí 1974 en hún lézt 16. júlí 1974 áður en skiptayfirlýsingu yrði þinglýst. Erfingar (sic) hennar munu vera 2 börn hennar ófjárráða til heimilis í Englandi. Kaupandi skuldbindur sig til að kaupa eignarhluta þeirra fyrir að minnsta kosti krónur 750.000 -sjöhundruðogfimmtíuþúsundkrónur oo/100- og greiða þá fjárhæð innan þriggja mánaða frá því að heimildarmaður að sölu eignarhlutans gerir kröfur þar um, ásamt almennum innlánsvöxtum banka af fjárhæðinni frá afhendingardegi hússins til greiðsludags.“ Um rétt erfingja Huldu Gísladóttur og skyldur kaupanda segir orðrétt í kaupsamningnum: „Erfingar (sic) Huldu skulu um alla tíð vera undanþegnir þátttöku í kostnaði við viðhald og endurbætur hússins. Þá skal (sic) kaupandi og greiða skatta og skyldur af öllu húsinu, enda má ætla að kaupandi nýti eignarhluta þeirra og njóti endurbóta á honum þegar hann kaupir.“

Þann 12. janúar 1981 var afsal, dagsett þann 30. nóvember 1981, móttækið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Árnassýslu og innfært í þinglýsingabækur þann 13. janúar s.á. Með

nefndu skjali afsala og selja þau Rannveig Sigurbjörnsdóttir, Ámundi R., Ingigerður K., Regína Hanna, Björn og Gylfi Þór Gíslabörn til stefnanda eignarhlutum sínum í fasteigninni Kirkjuvegi 17, Selfossi, þ.e. 17/18 hluta eignarinnar í óskiptri sameign seljanda, ásamt því sem fylgir og fylgja ber, eins og segir orðrétt í nefndu afsali.

Þau rúm tuttugu og eitt ár sem liðin eru frá útgáfu nefnds kaupsamnings um fasteignina nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi hefur enginn erfingi Huldu Gísladóttur gefið sig fram. Í bókinni „Auðsholtsætt í Ölfusi“ kemur fram að nefnd Hulda Gísladóttir hafi látist í London þann 16. júlí 1974. Hún hafi árið 1954 gíft Marchell Smith, en þau hafi skilið, og að kjörsynir þeirra hafi verið Marchell T. og Kenneth Már. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort nefndir kjörsynir Huldu Gísladóttur eru á lífi í dag. Á árunum 1979 til 1981 mun lögmaður barna Gísla Sigurðssonar, Einar Sigurðsson hrl., í Reykjavík, hafa reynt að hafa upp á börnum Huldu heitinnar Gísladóttur, þeim Marchell og Kenneth, sem talið var að væru búsettir á Englandi, en án árangurs. Einar Sigurðsson hrl. lést þann 29. september 1994. Sigurður Sveinsson hdl. á Selfossi, sem sá um sölu á fasteigninni nr. 17 við Kirkjuveg, hefur staðfest að honum hafi verið kunnugt um að Einar Sigurðsson hrl. hafi lagt vinnu í að hafa upp á sonum Huldu Gísladóttur á þessum árum, en án árangurs. Því fékk stefnandi aðeins afsal fyrir 17/18 hlutum fasteignarinnar Kirkjuveg 17, Selfossi, rúmum tveimur árum eftir undirritun kaupsamnings.

Frá útgáfudegi kaupsamnings um fasteignina nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi, þann 8. september 1979, hefur stefnandi búið óslitið á allri eigninni ásamt fjölskyldu sinni og farið að öllu leyti með eignina alla sem sína eign. Stefnandi hefur veðsett eignina vegna lántöku, í fyrsta sinn þann 8. apríl 1980, í allt vegna töku átján lána frá hinum ýmsu lánastofnunum. Að undanskildum þremur lántökum hefur stefnandi veðsett alla eignina og fimm sinnum hefur slík veðsetning ekki sætt athugasemdum við þinglýsingu. Stefnandi hefur allt frá árinu 1980 talið alla eignina fram til skatts sem sína eign og hefur hann verið skráður eigandi allrar eignarinnar hjá Fasteignamati ríkisins frá árinu 1979 og greitt skatta og skyldur af allri eigninni frá þeim tíma. Þegar stefnandi tók við eigninni þann 8. september 1979 þurfti strax að ráðast í verulegar framkvæmdir á eigninni, þar á meðal að endurbyggja hana að hluta, skipta um gler og glugga, endurnýja miðstöð, frárennsli og hreinlætistæki, ásamt breytingum innanhúss á tréverki og gólfi, eins og fram kemur í skattframtali stefnanda árið 1980.

Málsástæður: Stefnandi kveður nauðsyn bera til þess að eignarráð að 1/18 hluta fasteignarinnar Kirkjuveg 17, Selfossi, verði ákvörðuð með óyggjandi hætti. Fyrir því þurfi stefnandi að fá eignardóm til staðfestingar eignarrétti sínum að fasteigninni. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að allt frá undirritun kaupsamnings vegna kaupa hans á 17/18 hlutum eignarinnar þann 8. september 1979, hafi hann tekið við fullum umráðum fasteignarinnar, og hafi réttur hans til allrar fasteignarinnar aldrei verið véfengdur. Erfingjar Huldu Gísladóttur hafi aldrei gefið sig fram og ekki hafi tekist að hafa upp á þeim þrátt fyrir eftirgrennslan á árunum 1979-1980.

Lagarök: Varðandi lagarök vísar stefnandi til reglna eignarréttarins um aðilaskipti að eignarréttindum fyrir hefð, þ.e. til 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. og 6. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Varðandi málatilbúnað og réttarfar í máli þessu er vísað til ákvæða 1. og 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og einnig til ákvæða 3. mgr. 80. gr. og c. liðar 1. mgr 89. gr. sömu laga. Komi til að reyna á málskostnað-

arkröfu er vísað til 11. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Frumrit eignardómsstefnu þessarar.
2. Skrá um framlögð gögn.
3. Eintak Lögbirtingablaðs þess er stefnan birtist í.
4. Veðbókarvottorð vegna fasteignarinnar nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi.
5. Erfðaafjárskýrsla í dánarbúi Gísla Sigurðssonar, dags. 27. maí 1974.
6. Skiptayfirlýsing í dánarbúi Gísla Sigurðssonar, dags. 8. september 1979.
7. Kaupsamningur vegna sölu fasteignarinnar nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi, dags. 8. september 1979.
8. Afsal vegna sömu eignar, dags. 30. nóvember 1981.
9. Ljósrit úr bókinni Auðsholtsætt í Ölfusi, útgefandi Auðsholtsættarútgáfan 1996, bls. 437-438.
10. Yfirlýsing Sigurðar Sveinsson hdl., dags. 28. desember 2000.
11. Staðfest ljósrit átján veðskuldabréfa og lög-taksgerðar. Veð er húsið nr. 17 við Kirkjuveg.
12. Matsvottorð Fasteignamats ríkisins vegna fasteignarinnar nr. 17. við Kirkjuveg frá árunum 1979 og 2000.
13. Staðfest ljósrit af skattframtali stefnanda árið 1980.

Skýrslugjöf fyrir dómi: Á seinni stigum málsins verður ákveðið hvort og þá hverjir verði leiddir fyrir dóm til skýrslugjafar í þágu sönnunarfærslu stefnanda fyrir dómkröfum sínum.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim er til réttar telur yfir 1/18 hluta fasteignarinnar nr. 17 við Kirkjuveg á Selfossi í heild eða að hluta, að mæta er mál þetta verður þingfest í dómsal héraðsdóms Suðurlands að Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 21. febrúar 2001, kl. 14.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar og þar á móti að sanna rétt sinn til eignarhlutans og leggja fram gögn þar að lútandi. Ef ekki verður mætt við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um eignardóm yfir hinum tiltekna eignarhluta fasteignarinnar verði teknar til greina.

Stefna þessi verður birt opinberri birtingu í Lögbirtingablaðinu og er stefnufrestur einn mánuður.

Selfossi, 29. desember 2000.
Ólafur Börkur Þorvaldsson.

(3)

Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, pósthólf 8040, 108 Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Róberti Steinari Tómassyni, kt. 121270-5369, síðast með lögheimili að Reynihvammi 35, 200 Kópavogi, en nú óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 48.267, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 48.267, frá 31. október 2000 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er samkvæmt framlögðum vixli, útgefnum af Kristínu Þorgeirsdóttur, kt. 191070-4029, í Reykjavík þann 16. október 2000 og samþykkt-

um til greiðslu af stefnda, Róbert, hjá stefnanda við sýningu. Víxillinn er án afsagnar og er hann framseldur af útgefanda. Víxillinn er tryggingarvíxill og stendur til tryggingar skuldar Róberts við stefnanda vegna Eurocard greiðslukorts. Er víxillinn að fjárhæð kr. 500.000. Víxillinn var sýndur þann 31. október 2000. Þar sem skuldin við stefnanda nam kr. 48.267, þann dag er það stefnufjárhæðin. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar. Skuldin hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús og á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum víxillaga nr. 93/1933 og rekur málið skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 2. mgr. 35. gr laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu samkvæmt heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Víxil, innheimtubréf lögmanns stefnanda, útskrift úr Þjóðskrá og eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 1. mars 2001 kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 27. desember 2000.
F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Grétar Már Ólafsson lögfr.

(43)

Aðilar málsins eru:
Stefnandi: Íslenskir söfnunarkassar sf., kt. 671293-2589, Smiðjuvegi 11a, 200 Kópavogi.
Stefndi: Björn Þórisson, kt. 300863-4429, Tryggvagötu 6, 101 Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 32.759, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 9.605, frá 1. júlí 1999 til 8. júlí 1999, af kr. 32.759, frá 8. júlí 1999 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögum reikningum stefnanda. Stefnandi rekur söfnunarkassa og er skuldin til komin vegna uppgjors á söfnunarkössum. Söfnunar-

kassar voru settir upp í húsnaði Jóns Bakan sem er óskráð einkafirma stefnda og rekið á hans kennitölu. Skv. framlögðum samningi milli aðila skyldi vikulega og eigi síðar en á fimmtudegi standa stefnanda skil á innkomu liðinnar viku, að frádregnum útborguðum vinningum og þóknun staðareiganda. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldddagi	Fjárhæð
1.	28. júní 1999	1. júlí 1999	9.605
2.	5. júlí 1999	8. júlí 1999	23.154

Samtals nema ofangreindar fjárhæðir kr. 32.759, sem er stefnufjárhæðin auk dráttarvaxta og kostnaðar. Einkafirma stefnda skortir hæfi að lögum til að eiga rétt og bera skyldu, og ber stefndi því persónulega ábyrgð á rekstri einkafirmans.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Stefndi er skv. upplýsingum Þjóðskrár með lögheimili að Tryggvagötu 6, 101 Reykjavík, en dvalarstaður hans er óþekktur og á stefndandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfurettarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefndandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Samningur, dags. 12. janúar 1999.
4. Reikningar.
5. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 5. október 1999.
6. Birtingarvottorð.
7. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatalibúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 22. febrúar 2001 kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 22. desember 2000.
F. h. stefnanda,
f. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Hlín Lilja Sigfúsdóttir hdl.

(44)

Aðilar málsins eru:

Stefndandi: Húsfélagið Lækjargötu 4, kt. 521193-2129, Lækjargötu 4, 101 Reykjavík.
Stefnda: Catherine P. Brooks, kt. 210348-2209, á utangarðsskrá skv. Þjóðskrá.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 65.565, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 8.445, frá 17. september 1999 til 17. október 1999, af kr. 16.889, frá 17. október 1999 til 17. nóvember 1999, af kr. 25.333 frá 17. nóvember 1999 til 17. ágúst 2000, af kr. 35.391, frá 17. ágúst 2000 til 17. september 2000, af kr. 45.449 frá 17. september 2000 til 17. október 2000, af kr. 55.507, frá 17. október 2000 til 17. nóvember 2000, af kr. 65.565 frá 17. nóvember 2000 til greiðsludags.

Þá krefst stefndandi að staðfestur verði lögveðréttur hans í fasteign stefndu að Lækjargötu 4, matshluta 0404, sem er nánari tiltekið 102,4 ferm. endaíbúð t.h. á 4. h., 6,1 ferm. geymsla í kjallara merk 0010 m.m. og stæði í bílgeymslu, til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 40.232, ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 10.058, frá 17. ágúst 2000 til 17. september 2000, af kr. 20.116, frá þeim degi til 17. október 2000, af kr. 30.174, frá þeim degi til 17. nóvember 2000 og af kr. 40.232, frá þeim degi til greiðsludags, í samræmi við 48. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögum reikningsyfirlitum frá húsfélagsþjónustu Landsbanka Íslands og er til komin vegna ógreiddra húsfélagsgjalda stefndu til stefnanda á neðangreindu tímabili, en stefnda er þinglýstur eigandi fasteignarinnar að Lækjargötu 4, matshluta 0404, Reykjavík. Um eftirfarandi ógreidd húsfélagsgjöld er að ræða:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldddagi	Fjárhæð
1.	2. sept. 1999	17. sept. 1999	8.445
2.	2. okt. 1999	17. okt. 1999	8.444
3.	2. nóv. 1999	17. nóv. 1999	8.444
4.	2. ágúst 2000	17. ágúst 2000	10.058
5.	2. sept. 2000	17. sept. 2000	10.058
6.	2. okt. 2000	17. okt. 2000	10.058
7.	2. nóv. 2000	17. nóv. 2000	10.058

Samtals nema ofangreindar fjárhæðir kr. 65.565, sem er stefnufjárhæðin auk dráttarvaxta og kostnaðar. Gjaldddagi reikninganna er 17. dagur útgáfumánaðar. Mismunur milli ofangreindra fjárhæða og fjárhæða reikningsyfirlita skýrist af því að í reikningsyfirlitunum eru dráttarvextir og bankakostnaður. Stefndandi byggir greiðsluskyldu stefnda á 1. og 2. tl. 13. gr., 45. gr. og sérstaklega 47. gr. laga nr. 26/1994, en skv. tilvitnuðum lagaákvæðum, hvílir skylda á eigendum að greiða sameiginlegan kostnað, en kröfur stefnanda eiga rætur að rekja til slíks kostnaðar.

Þar sem lögveðréttur stefnanda er fyrmdur v/þriggja fyrstu gjaldanna lækkar höfuðstóll lögveðskröfunnar sem því nemur og verður kr. 40.232.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar. Stefnda er á utangarðsskrá skv. Þjóðskrá og á stefndandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Stefndandi byggir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar, svo og ákvæðum laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, einkum 13. gr., 45. gr., 47. gr. 48. gr. og 49. gr.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti,

styður stefndandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefna þessi er birt skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Yfirlit yfir ógreidd húsfélagsgjöld frá húsfélagsþjónustu Landsbanka Íslands.
4. Veðbókarvottorð, útprent 27. desember 2000.
5. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 14. desember 2000.
6. Útskrift úr Þjóðskrá, dags. 27. desember 2000.
7. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatalibúnaður stefndu tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 22. febrúar 2001 kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þau átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. desember 2000.
F. h. stefnanda,
f. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Hlín Lilja Sigfúsdóttir lögfr.

(45)

Aðilar málsins eru:

Stefndandi: Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, pósthólf 8040, 128 Reykjavík.
Stefnda: Ásgerður Flosadóttir, kt. 111154-4309, óstaðsett í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.952.894, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 414.617, frá 2. mars 2000 til 3. apríl 2000, en af kr. 1.695.143, frá þ.d. til 2. maí 2000, en af kr. 1.853.047, frá þ.d. til 2. júní 2000, en af kr. 1.766.094, frá þ.d. til 3. júlí 2000, en af kr. 1.810.382, frá þ.d. til 2. ágúst 2000, en af kr. 1.952.894, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilkomin vegna notkunar stefndu, Ásgerðar, á Eurocard greiðslukorti. Um er að ræða kort nr. 8301-0428-0101.

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldddagi	Höfuðstóll
1.	17. febr. 2000	2. mars 2000	414.617
2.	17. mars 2000	3. apríl 2000	1.280.526
3.	17. apríl 2000	2. maí 2000	46.904
4.	17. maí 2000	2. júní 2000	24.047
5.	17. júní 2000	3. júlí 2000	44.288
6.	17. júlí 2000	2. ágúst 2000	32.464

Skuld þessi er skv. ofangreindum reikningum, samtals að fjárhæð kr. 1.843.028, sem eru vegna notkunar stefndu, Ásgerðar, á Eurocard greiðslukorti nr. 5414-8301-0428-0101 á tíma-

bilinu janúar 2000 til júní 2000. Umsaminn gjalddagi er 2. virkur dagur næsta mánaðar á eftir úttektartímabili sem er frá 18. degi hvers mánaðar til 17. dags næsta mánaðar á eftir.

Í öðru lagi er um ræða skuld skv. yfirliti yfir ógjaldfallnar raðgreiðslur að fjárhæð kr. 110.048. Raðgreiðslurnar voru gjaldfelldar þann 2. september 2000. Nánari tiltekið er um að ræða raðgreiðslur skv. kaupsamningi dags. 30. júní 1998, upphaflega að fjárhæð kr. 296.425. Upphaflegur kröfureigandi er Álnabær ehf. Stefnandi styður gjaldfellinguna við stórkostlega vanefnd, fyrirsjáanleika vanefnda, brostnar forsendur, sem og Hrd: 1954, bls. 534 og til ath. Hrd: 1985, bls. 1284.

Samtals nema ofangreindar fjárhæð kr. 1.952.894, og er það stefnufjárhæðin ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutílaunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnda er skv. upplýsingum úr Þjóðskrá ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsett í hús og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Euroreikninga.
4. Ljósrit af kaupsamningi m/eignarréttarfyrirvara.
5. Ljósrit innheimtubréfs lögmanns stefnanda.
6. Útskrift úr Þjóðskrá.
7. Ljósrit af eintaki Lögbirtingablaðsins sem stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 22. febrúar 2001 kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þau átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 13. desember 2000.
F. h. stefnanda,
Bjarni Þór Óskarsson hrl.

(206

Innkallanir

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf., kt. 420171-0139, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skrá-

ingar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 23. apríl árið 2001 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf., áður Alþýðubankinn hf., tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Eimskipafélagsins Alþýðubankinn hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hluthafaskrár Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf. að Síðumúla 28, Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.

